

Samþykkt um félagsgjald

Sjötta þing KÍ haldið 1.- 4. apríl 2014 samþykkir að félagsgjald fyrir kjörtímabilið 2014-2018 skuli vera 1,15% af föstum launum félagsmanna fyrir dagvinnu. Breytingin taki gildi frá og með 1. maí 2014.

Greinargerð:

Á síðasta þingi var ákveðið að tímabundið yrði innheimt 1% félagsgjald.

Eftir að hafa kynnt sér stöðu KÍ og fjárhagsáætlun eru nefndarmenn sammála um að nauðsynlegt sé að hækka félagsgjaldið til að koma í veg fyrir viðvarandi hallarekstur og skerðingu á þjónustu. Mikilvægt er að stöðugt sé þó leitað leiða til að hagræða í rekstri.

(Ath. að gjald í vinnudeilusjóð, 0,25% bætist við félagsgjaldið.

Heildar greiðsla félagsmanna til KÍ nemur því 1,4% af föstum launum)